

Útboð

Tilboð óskast í byggingu bensinstöðvar Olis og Shell við Langatanga í Mosfellssveit. Um er að ræða steypuvirki, stálvirki og frágang húss og lóðar. Gögn eru afhent á teiknistofunni Óðinstorgi, Óðinsgötu 7 Reykjavík, þann 31.05. nk. gegn 2500 kr. skilatryggingu. Tilboð verða opnuð 14. júní nk.

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI.


Aðalfundur

Samtaka psoriasis og exemsjúklinga verður haldinn þriðjudaginn 31. maí kl. 20.30 á Hótel Heklu. Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.



**Samtök
psoriasis og exemsjúklinga**

STJÓRNIN.



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Árlegur vofagnaður NEMA verður haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 3. júní nk. og hefst með borðhaldi kl. 19.30. Ræðumaður kvöldsins verður Kristín Halldórsdóttir alþingismaður.

Veislustjóri verður Barði Friðriksson hrl. og söngstjórnnast Reynir Jónasson tónlistarmaður.

Miðar verða seldir að Hótel Sögu miðvikudag og fimmtudag frá kl. 17—19 báða dagana.

Allir fyrrverandi nemendur MA eru hvattir til að mæta.

Stjórn NEMA

Fjölbrautaskólinn Breiðholti



Innritun í Fjölbrautaskólann í Breiðholti fer fram í Miðbæjarskólanum í Reykjavík dagana 1. og 2. júní næstkomandi kl. 9.00—18, svo og í húsakynnum skólans við Austurberg dagana 3. og 6. júní á sama tíma. Umsóknir um skólann skulu að öðru leyti hafa borist skrifstofu stofnunarinnar fyrir 10. júní.

Þeir sem senda umsóknir síðar geta ekki vænst skólavistar. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður fram nám á sjö námssviðum og eru nokkrar námsbrautir á hverju námssviði. Svið og brautir eru sem hér segir:

Almennt bóknámssvið (menntaskólasvið). Þar má velja milli sex námsbrauta sem eru: Eðlisfræðibraut, Félagsfræðibraut, Náttúrufræðibraut, Tónlistarbraut, Tungumálabraut og Tæknibraut.

Heilbrigðissvið: Tvær brautir eru fyrir nýnema: Heilsugæslubraut (til sjúkraliðaréttinda) og Hjúkrunarbraut, en hin síðari býður upp á aðfaranám að hjúkrunarskólum.

Hústjórnnarsvið: Tvær brautir verða starfræktar: Matvælabraut I er býður fram aðfaranám að Hótel- og veitingaskóla Íslands og Matvælabraut II er veitir réttindi til starfa á mótuneytum sjúkrahúsanna.

Listasvið: Þar er um tvær brautir að ræða. Myndlistabraut, bæði grunnnám og framhaldsnám, svo og Handmenntabraut er veitir undirbúning fyrir Kennaraháskóla Íslands.

Tæknisvið: (Iðnfræðslusvið) Iðnfræðslubrautir Fjölbrautaskólans í Breiðholti eru þrjár: Málmíðnabraut, Rafiðnabraut og Tréiðnabraut. Boðið er fram eins árs grunnnám, tveggja ára undirbúningsmenntun að tækninámi og þriggja ára braut að tæknifræðinámi. Þá er veitt menntun til sveinsprófs í fjórum iðngreinum: Húsasmiði, rafvirkjun, rennismiði og vélvirkjun. Loks geta nemendur einnig tekið stúdentspróf á þessum námsbrautum sem og öllum 7 námssviðum skólans. Hugsanlegt er að boðið verði fram nám á sjávarútvegsbraut á tæknisviði næsta haust ef nægilega margir nemendur sækja um þá námsbraut.

Uppeldissvið: A uppeidissviði eru þrjár námsbrautir í boði: Fóstur- og þroskajálfbraut, íþrótt- og félagsbraut og loks menntabraut, er einkum tekur mið af þörfum þeirra er hyggja á háskólanám til undirbúnings kennslustörfum, félagslegri þjónustu og sálfræði.

Viðskiptasvið: Boðnar eru fram fjórar námsbrautir: Samskipta- og málabraut, Skrifstofu- og stjórnnunarbraut, Verslunar- og sölufraðabraut og loks Læknaritarabraut. Af þrem fyrrnefndum brautum er hægt að taka almennt verslunarpróf eftir tveggja ára nám. Á þriðja námsári gefst nemendum tækifæri til að ljúka sérhæfðu verslunarprófi í tölvufræði, markaðsfræðum og reikningshaldi. Læknaritarabraut lýkur með stúdentsprófi og á hið sama við um allar brautir viðskiptasviðs.

Nánari upplýsingar um Fjölbrautaskólann í Breiðholti má fá á skrifstofu skólans að Austurbergi 5, sími 75600. Er þar hægt að fá bæklinga um skólann svo og Námsvísi F.B.

Skólameistari

Menning

Menning

Menning

HERSLUMUNUR

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói 19. maí.
Stjórnandi: Jean-Pierre Jacquillat.
Einleikari: Gabriel Tacchino.
Efniakrá: Jón Nordal: Choralis; Camille Saint-Saëns: Pianókoncert nr. 2 í g-moll; Nikolai Rimskij-Korssakow: Sjerasade.

Svo leit út sem geimskutlan ætlaði að setja strik í reikninginn, þegar tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar áttu að hefjast. Jafnt áheyrendur sem spilarar stóðu úti í neppunni, sem sumir kalla reyndar vorveður, og góndu upp í loftið. Svo flaug flykkið kostbæra hjá og tónleikarnir gátu hafist með smávægilegri seinkun.

En ég átti hálft í hvoru von á að Choralis Jóns Nordals kæmi freðinn af fingrum og munni spilaranna því að það er vissulega ekki kjörinn upphitunaræfing að norpa úti í „vorblíðunni“, alla vega ekki samkvæmt kokkabókinni. Líkast til hefur flug skutlunnar á baki jumbós yljað mönnum svo um hjartarætur að upphitun upp á gamla móðinn væri óþörf. Alla vega hljómaði Choralis ljúft og víst er verkið harla gott. Ekki spillti það fyrir að hafa hlýtt á Choralis leikinn í útvarpi áður, þá leikinn af úrvalshljómsveit. Það sakar svo sem ekki að geta þess að sú hljómsveit hefur ekki alltaf verið í fremstu röð, en hefur á skömmum tíma þotið upp, þökk sé styrkri stjórn og kröfuhörku Mstislav Rostropovich. Fyrir þá sök var enn ánægjulegra að heyra hversu vel hljómsveitin okkar spilaði. Hana hefur ekki verið hægt að dubba



Jón Nordal. Verk hans Choralis, sem meistari Rostropovich pantaði sérstaklega fyrir Scandinavia Today, var flutt í fyrsta skipti á Íslandi á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar þann 19. maí. „Hljóm- aði Choralis ljúft og víst er að verkið er harla gott,“ segir Eyjólfur Melsted. Enda hlaut Choralis óskipt hól í Bandaríkjunum.

upp í klassahljómsveit með skyndikaupum á stórmarkaði, heldur hefur hún fengið að vaxa upp í tímans rás

Tónlist

Eyjólfur Melsted

með öllu því basli, sem á eina slíka hljómsveit verður lagt, og varð reyndar að biða í þrjá áratugi eftir að öðlast lagalegan tilverurétt.

Stjörnuleikur

Hljómsveitin var líka fyllilega samboðin þeim firnasnjalla pianóleikara, Gabriel Tacchino. Svo sannarlega stjörnuleikur af allra hálfu. En svo vel sem hljómsveitin lék í pianókoncertinum, þá fylgdi hún því ekki eftir til fulls í Sjerasade. Hljómsveitarpátturinn var að visu mestan part heilsteyptur og einleikur í stórum dráttum. Maður fyllist jafnvel stolti yfir að í hljómsveitinni okkar skuli vera upprisinn svo frábær hornariðill sem kvakar ljúft við hlið tréblásaraliðs af betri endanum. Fámennir strengirnir skila líka mjög góðu verki. En smáhnökrar í hljómsveitarþættinum og áberandi veilir í annars góðum einleik konsertmeistarans gerðu það að herslumuninn vantaði á að tónleikarnir væru frábærir.

EM

Sex íslenskir listamenn taka þátt í samnorrænum myndlistarsýningum

Myndlist

Þrír íslenskir listamenn, þau Edda Jónsdóttir, Eiríkur Smith og Þórður Hall, taka þátt í sumarsýningu Norrænu listamiðstöðvarinnar í Helsingfors um þessar mundir. Heiti sýningarinnar er Norrænt landslag og taka þrír núlifandi listamenn frá hverju Norðurlandanna þátt í henni. Hún verður opin til 14. ágúst og er í Sviavígi (Sveaborg).

Einnig taka þrír íslenskir listamenn, Asgerður Búadóttir, Magnús Tómasson og Gunnar Örn síðan þátt í samnorrænu sýningunni Borealis — Norrænar

myndir 83 í Listaskálanum (Konsthallen) í Helsinki. Sú sýning er einnig á vegum Norrænu listamiðstöðvarinnar og er stærsta verkefni sem hún hefur fengið við fram að þessu.

Í Helsinki lýkur sýningunni 3. júlí. Þaðan fer hún til Sviþjóðar og verður opnuð í Hässelbyhöll í september. Vor- ið 1984 verður sýningin sett upp í Nor- egi, um sumarið í Færeyjum, þá á Ís- landi og henni lýkur síðan í Danmörku haustið 1984.

Flugdrekasýning

Jafnframt verður sýning á flugdrekum og flugdrekalist haldin á vegum Norrænu listamiðstöðvarinnar í samvinnu við Listahátíð Helsinki borgar í ágúst og september 1983.

Öllu áhugafólki um flugdrekasmíði og -flug á Norðurlöndum er velkomið að senda sýningarnefndinni gögn um eigin flugdreka og starfsemi sína á því sviði. (Útanáskriftin er: Nordiskt Konstcentrum, Sveaborg, SF-00190 Helsingfors 19, Finland).

Nýr sýningastjóri

Þess skal einnig getið að nýr sýningastjóri, Maaretta Jaukkuri, hefur

verið ráðinn að Norrænu listamiðstöðinni. Maaretta hefur undanfarin tólf ár verið upplýsinga- og sýningastjóri hjá finnska myndlistarfélaginu. Ritari Finnlandseldar Norræna myndlistarbandalagsins hefur hún jafnframt verið í rúm tíu ár. Maaretta tekur við hinu nýja starfi sínu nú í byrjun júní af Tage Martin Hörlling sem gegnt hefur starfi sýningastjóra síðan 1980.

FG



Maaretta Jaukkuri, nýi sýningarstjórinn við Norrænu listamiðstöðina í Helsingfors.



Auglýsingaplakatíð fyrir flugdreka-sýninguna sem Norræna listamiðstöðin heldur í samvinnu við Listahátíð Helsinki borgar.